

AUGLÝSING

56

27. ágúst

um staðfesting forseta Íslands á breytingu á reglugerð fyrir Háskóla Íslands,
nr. 47 frá 30. júní 1942.

Samkvæmt tillögu ráðuneytisins hefur forseti Íslands í dag staðfest eftirfarandi breytingu á reglugerð fyrir Háskóla Íslands, nr. 47/1942:

1. gr.

Í 18. gr. 4. málsgrein komi 100 kr. í stað 25 kr.

2. gr.

Í 36. gr. 1. málsgrein komi 50 kr. í stað 20 kr.

3. gr.

Í 46. gr. komi 50 kr. í stað 25 kr.

4. gr.

Fyrirsögn 51. gr. orðist svo:

I. Próf í íslenskum fræðum.

5. gr.

Aftan við 51. gr. komi svofelld viðbót:

II. Kennarapróf í íslenskri málfræði og bókmenntasögu með aukagrein.

Prófgreinar eru þessar:

1. Málfræði og saga íslenzkrar tungu.

2. Íslensk bókmenntasaga og ritskýring.

3. Valfrjáls einhver þeirra greina, sem kenndar eru til B.A.-prófs (uppeldisfræði undanskilin).

Í tveimur fyrst töldu greinunum eru prófkröfur og próftilhögun eins og við kennarapróf í íslenskum fræðum. En í aukagreininni ljúki nemandinn þremur B.A.-prófstigum.

Einkunnir verða 11 alls: Meðaleinkunn fyrra hluta prófsins í íslenzku greinunum reiknast sem tvöföld einkunn. Einkunnin fyrir heimaritgerð úr kjörsviði, sem velja ber annað hvort úr íslenskri málfræði eða bókmenntasögu, reiknast sem tvöföld einkunn. Enn fremur eru einkunnir gefnar bæði fyrir munnlega og skriflega úrlausn í hvorri íslenzku prófgreinanna. Loks er fyrir hvert stig aukagreinarinnar gefin 1 einkunn. Enginn stenz prófið, ef hann nær ekki einkunninni „miður vel“ í hverri grein um sig.

III. Kennarapróf í sögu Íslendinga með tveimur aukagreinum.

Prófgreinar eru þessar:

Aðalgrein: Saga og menningarsaga Íslendinga.

Aukagreinar: a) Mannkynssaga.

b) Valfrjáls einhver önnur grein, sem kennd er til B.A.-prófs (uppeldisfræði undanskilin).

Nemandinn skal skila heimaritgerð í aðalgreininni áður en 6 misseri eru liðin frá innritun hans í heimspekideild. Að öðru leyti séu prófkröfur og próftilhögun í aðalgreininni hinar sömu og í sögu Íslendinga við síðara hluta kennaraprófs í íslenskum fræðum, þegar kjörsvið er í henni tekið. En í aukagreinunum séu prófkröfur og próftilhögun hinar sömu og við B.A.-próf, og taki nemandinn 3 prófstig í hvorri grein um sig.

- 56 Einkunnir verða 11 alls: 5 í aðalgreininni (1 einkunn fyrir fyrri heimaritgerð-
27. ágúst ina í sögu og 4 einkunnir á lokaprófi) og 6 í aukagreinunum, 1 einkunn fyrir hvert
prófstig í hvorri grein. Enginn stenzst prófið, ef hann nær ekki einkunninni „miður
vel“ að meðaltali í hverri grein um sig.

6. gr.

Úr 52. gr. falli niður töluliðirnir: 1. Íslenzka, 10. Íslandssaga og 11. Íslandssaga
og mannkynssaga. Töluliðirnir breytast samkvæmt því.

Þetta tilkynnist hér með öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Í menntamálaráðuneytinu, 27. ágúst 1952.

F. h. r.

Birgir Thorlacius.

Jóhannes Eliasson.

57
4. sept.

FORSETABRÉF

um að reglulegt Alþingi 1952 skuli koma saman til fundar miðvikudaginn
1. október 1952.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt:

Ég hef ákveðið, samkvæmt tillögu forsætisráðherra, að reglulegt Alþingi 1952
skuli koma saman til fundar miðvikudaginn 1. október n. k.

Um leið og ég birti þetta, er öllum, sem setu eiga á Alþingi, boðið að koma
nefndan dag til Reykjavíkur og verður þá Alþingi sett að lokinni guðspjónustu í
dómkirkjunni, er hefst kl. 13.30.

Gjört að Bessastöðum, 4. september 1952.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Steingrímur Steinþórsson.

58
10. sept.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um manntal 16. október 1952.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Félagsmálaráðherra hefur tjáð mér, að sökum þess, að nú er
verið að vinna að stofnun spjaldskrár yfir alla landsmenn, þurfi manntal
þessa árs nauðsynlega að fara fram á sama tíma um allt land, og sömuleiðis
þurfi tilhögun manntalsins að vera hin sama alls staðar og miðuð við gerð
hinnar fyrirhuguðu spjaldskrár. Til þess að spjaldskrá þessi geti komið að
notum á næsta ári, má manntalið 1952 ekki fara fram síðar en um miðjan
októbermánuð. Getur það ekki orðið, nema undirbúningi manntalsins sé